

Eystrahorn

29. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 1. september 2022

www.eystrahorn.is

Hepputorg tekur á sig mynd !

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á Heppunni að undanförunum en þar er verið að breyta gamla sláturhúsinu í fjölbætt atvinnuhúsnæði sem óðum er að taka á sig mynd.

Þau sem standa að framkvæmdunum eru þau sömu sem eiga og reka Mjólkurstöðina þ.e. þau Elínborg Ólafsdóttir, Elvar Örn Unnsteinsson, Íris Dóra Unnsteinsdóttir og Hilmar Stefánsson.

Framkvæmdir hófust í maí 2021 og hafa því staðið yfir í rúmt ár. Til að byrja með var aðallega um að ræða niðurrif á tækjum og búnaði sem tilheyrði fyrri rekstri en að því loknu tók við umbreytingafasinn og uppbyggingin við. Okkur lék forvitni á að vita hvaða hlutverki húsnæðið eigi að gegna að uppbyggingu lokinni.

Að sögn eigenda þá er hugmyndin að gera veitingastað sem snýr til vestur út á Heppuna og til suður, sem er með útsýni yfir höfnina. Búið er að saga út fyrir flestum gluggum og hurðum sem eiga að vera á húsinu og við það hafi opnast gríðarlega skemmtilegt útsýni yfir höfnina og útsýnið úr veitingastaðnum er frábært. Við veitingastaðinn verður jafnframt gerður skemmtilegur bryggjupallur vestan við húsið sem tengir húsnæðið við hafnarstemninguna. Inn af veitingarstaðnum verður svo brugghús og verður



Hér má teikningu hvernig húsið mun lita út að utan


hægt að horfa inn í það úr veitingastaðnum. Þar er ráðgert að brugga eðal hornfirskan bjór, en handverksbjórmenningin er að verða mjög sterk og skemmtileg um allt land. Ekki skemmir fyrir nýja frumvarpið sem samþykkt á vordögum þar sem brugghúsum er heimilað að selja eigin vöru beint út frá þeim. Gert er ráð fyrir því að inni á veitingastaðnum verði bjórbúð þar sem seldar verða framleiðsluvörur frá brugghúsinu. Þar geta heimamenn komið og verslað ferskan og góðan bjór úr eðal hornfirsku vatni. Búið er að leggja grunn að samkomulagi við brugghús á höfuðborgarsvæðinu um þeirra aðkomu að bruggrekstrinum til að hraða uppbyggingu og

gæðum bjórsins. Áformað er að veitingahúsið opni vorið 2023 og það sama gildi um brugghúsið, að framleiðsla hefjist í ársbyrjun 2023 og sala hefjist vorið 2023. Auk brugghússins og veitingastaðarins verða þrjár íbúðir í Hepputorgi og eru tvær þeirra nánast tilbúnar og einnig eru níu útleigubíl fyrir ýmisskonar starfsemi. Fyrir þá sem þekja til, þá eru íbúðinar þar sem kaffistofurnar og skrifstofurnar voru áður. Frábært útsýni er úr báðum íbúðum en mjög ólíkt. Íbúðin sem snýr til suðurs er með útsýni yfir löndunarsvæðið og höfnina. Þar hafa starfsmenn Hepputorgs löngum horft yfir svæðið til að sjá hvernig afli smábátanna var þann daginn og má ætla að erlendum ferðamönnum sem þar dvelja þyki mikið til koma. Íbúðirnar sem snúa til norðurs hafa aftur á móti gott útsýni á jöklana enda stendur Heppan nokkuð hátt á bæjarlandinu. Önnur útleigubíl eru sem fyrr segir níu og er ólík að stærð og gerð. Nú þegar hafa nokkrir aðilar lýst yfir áhuga á að leigja þessi bíl og er það markmið eigenda að götuhæðin (miðhæðin) verði leigð til verslana, skapandi

greina eða áhugaverðrar starfsemi sem styrki og móti það skemmtilega andrúmsloft sem eigendur sjá fyrir sér að Hepputorgið skapi. Eigendur sjá fyrir sér að torgsvæðið vestan við veitingastaðinn geti verið lífligt svæði með uppákomum. Stígurinn sem liggur á Heppunni fram hjá Íshúsinu framlengist og nær alla leið fram með götunni fyrir framan Hepputorgið, en þrengt verði að henni með blómakerjum til að ná þessari skemmtilegu götuáýnd.

Heppan geti því myndað miðsvæði fyrir umferð gangandi fólks á svæðið, bæði ferðamenn og heimamenn. Hafnarsvæðin víðast hvar í heiminum eru hvað mesta aðráttarafi í bæjum og borgum og því væri gaman að útbúa svæðið með þeim hætti að að miðsvæði Hafnar væri á Heppunni og svæðinu í kring, en það státar af afburða veitingahúsum sem eru ekki hvað síst það sem ferðamenn sækja til Hafnar.

Fyrir áhugasama, þá má sjá frekari upplýsingar á heimasíðunni www.heppa.is en þar má sjá útlit hæðanna og þeirra útleigubíla sem í boði eru.



Gott útsýni yfir höfnina verður á veitingastaðnum



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Höllu Bjarnadóttur

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Skjólgarðs fyrir frábæra umönnun



Lucia Óskarsdóttir, Birna Óskarsdóttir og fjölskyldur

Sporthöllin heldur áfram

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6:15 Stöðvaþjálfun	6:15 Hraustar konur	6:15 Stöðvaþjálfun	6:10 Jóga
-7:00 Sandra	-10:00 Kolla	-7:00 Sandra	-7:00 Kolla
12:05 Hádegisþúf	10:30 Eldri borgarar	12:05 Hádegisþúf	8:15 Hraustar konur
-12:35 Kolla	-12:00 Kolla	-12:35 Kolla	-10:00 Kolla
17:30 Jóga			10:30 Eldri borgarar
18:30 Kolla			-12:00 Kolla

Það gleður okkur í Sporthöllinni að við höldum starfsemi áfram næstu tvö árin og gefum öllum Hornfirðingum tækifæri á að stunda líkamsrækt áfram.

Að búa í heilsuefandi samfélagi spilar hreyfing stórt hlutverk þar sem kyrrseta ógnar heilsu manna og er ört vaxandi vandamál. Ein af viðurkenndum leiðum í undirbúningi lýðheilsustefnu er að auka aðgengi íbúa að hinum ýmsu heilsuefandi aðgerðum og er líkamsrækt eitt af því.

Við munum halda áfram að koma til móts við sem flesta aldurshópa og tryggja góðan og breiðan grunn að heilsuefandi samfélagi. Opnunartíminn og verðskrá er eins og við höfum verið með undanfarin ár.

Hvort sem um einkaþjálfara, yoga kennara, sjúkraþjálfara, nuddara, kiropraktík, snyrtifræðinga eða áhugasama sem vantar aðstöðu fyrir sína vinnu hvetjum við ykkur til að hafa samband við okkur.

Sporthöllin mun vera með opna tíma sem byrja 5. september, jóga, stöðvatímar, hraustar konur og hádegistímar. Einnig ætlum við að vera með námskeið fyrir Hraustar stelpur í 9.-10. bekk sem byrjar 15. september og halda áfram með starf eldri borgara sem byrjar 13. september og verður tvisvar sinnum í viku.

Ávinningurinn af styrktarþjálfun er mikill, fólk sem þjáist af ýmsum sjúkdómum sem hægt er að halda niðri með réttri þjálfun og aukni lífsgæðin.

Þar sem veturinn er langur hjá okkur á klakanum er mikið um þetta svokallaða skammdegisþunglyndi. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að styrktarþjálfun hefur jákvæð áhrif á fasið og getur einnig hjálpað okkur að sofa betur. Hver vill ekki sofa betur?

Eitt að lokum sem mig langar að segja við þig: Ef þér finnst leiðinlegt að rífa í lóðin, þá hvet ég þig til þess að finna þér aðferð sem hentar þér og við verðum þér innan handar.

Það er fjöldinn allur af aðferðum styrktarþjálfunar, það er bara að mæta og byrja. Ekki gera ekki neitt!

Kveðja Kolla Bjöss

Allar upplýsingar eru að finna á fésinu Sporthöllin Líkamsrækt.

Sigríður Sveinsdóttir háls-nef og eyrnalæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana 15.-16.september n.k.

Tímamantanir á heilsuvera.is og í síma 432-2900 virka daga milli kl. 09.00-14.00



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR



Umhverfisviðurkenningar 2022

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2022

Auglýst er eftir tilnefningum á einstaklingum, félagsamtökum, stofnunum, fyrirtækjum, lóðum og lögbýlum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem hafa með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúruna og umhverfið að eðlilegum þætti í hversdagslífi sínu, starfi og rekstri eða hafa á annan hátt lagt sitt af mörkum til verndunar á náttúru og umhverfi.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til 26. september. Hægt er að senda tilnefningar á netfangið stefan@hornafjordur.is eða í afgreiðslu ráðhússins við Hafnarbraut 27.

*Stefán Aspar Stefánsson
Verkefnastjóri umhverfismála*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður:Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:Guðlaug Hestnes
Úmbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlarent
ISSN 1670-4126

**HLAÐVARP
EYSTRAHORN**

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/
hladvarp

Aðalfundur Vinstri grænna á Hornafirði

Boðað er til aðalfundur VG á Hornafirði laugardaginn **10. september kl 15** í Nýheimum, Litlubrú 2 á Höfn.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Öll velkomin!



VINSTRI GRÆN

Nýheimar fögnuðu 20 ára afmæli

Laugardaginn 27. ágúst sl. var 20 ára afmæli Nýheima haldið hátíðlegt. Haldin voru nokkur erindi af tilefninu, Gísli Sverrir Árnason, fyrrv. formaður byggingarnefndar Nýheima tók til máls ásamt Eyjólfí Guðmundssyni fyrrv. skólameista FAS og einnig bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Sigurjón Andrésón. Kynnir var Ragnhildur Jónsdóttir. Mikið var um að vera í húsinu, Náttúrustofa Suðausturlands sýndi frá starfi sínum ásamt því að hafa til sýnis áhugaverðar höfuðkúpur og skordýr. Vöruhúsið var með til sýnis ýmis verkefni og tæki úr Fab-Lab smiðjunni. Vatnajökulsþjóðgarður var með náttúrubingó fyrir gesti og bauð Menningarmiðstöðin upp á listasmíðjur í bókasafninu. Góð mæting var á hátíðina og var boðið upp á glæsilegar veitingar gerðar af Kvennakór Hornafjarðar. Fjölmörg hornfirsk tónlistartriði voru flutt á meðan hátíðinni stóð.

Þar á meðal flutti hljómsveitin Fókus nokkur lög og Björg Blöndal og Þorkell Ragnar spiluðu nokkur djass lög. Einnig komu feðginin Luiz og Amylee fram, ásamt nemendum úr Tónskóla A-Skaft.

Við þetta tækifæri afhenti Menningarmiðstöðin verðlaun í lestraátaki sínu. Lestrarátakið stóð yfir frá 10. júní til 19. ágúst og tóku alls 12 börn þátt, þar af níu í 1.-4. bekk og þrjú í 5.-10. bekk og samtals lásu þau yfir 300 bækur. Yngri börnin fengu að gjöf bókina Prumpuskógur eftir Nadia Shireen og eldri börnin fengu bókina HVA David Williams.

Lestrahestur MMH 2022 var Theodór Árni Stefánsson.

Hér má sjá nokkrar myndir frá hátíðinni.



Góð mæting var á hátíðina



Lilja Jóhannesdóttir forstöðukona Náttúrustofu Suðausturlands



Vilhjalmur Magnússon forstöðumaður Vöruhúsins



Hljómsveitin Fókus flutti nokkur lög



Sigurjón Andrésón bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Árni Kjartansson arkitekt

Breyting á sorphirðudagatali

Í september hefst tilraunaverkefni við sorphirðu þar sem allir úrgangsflokkar verða hirtir í sömu ferð, tveir í dreifbýli og þrír í þéttbýli. Þetta fyrirkomulag verður mögulegt með tilkomu þriggja hólfa sorphirðubíls en hann heldur öllum flokkum aðskildum þ.e. blönduðum úrgangi, lífrænum úrgangi og grænu efni, sem samanstendur af pappa, pappír, plasti og

málum.

Með þessum breytingum líða almennt aðeins þrjár vikur á milli tæminga allra flokka hvort sem íbúar búa í þéttbýli eða dreifbýli. Breytingarnar þýða jafnframt að sorphirðudögum fjölgar fyrir hverja hirðu eða úr tveimur í fimm fyrir þéttbýlið og úr tveimur í þrjá fyrir dreifbýlið.

Breytingin er fyrst og fremst gerð í tilraunaskyni

en gefur vonandi góða raun. Íbúar eru sömuleiðis hvattir til að huga að eigin sormálum en grænt efni á að vera laust við alla matarafganga þegar það fer í endurvinnanlegu tunnuna. Það þarf t.d. að skola mjólkur- eða djúsfernur.

Þá má alls ekki setja plast í lífrænu tunnuna! Lífrænan úrgang má hins vegar setja í maíspoka.



Sorphirða 2022

Júlí							Ágúst							September						
sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2		1	2	3	4	5	6					1	2	3
3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13	4	5	6	7	8	9	10
10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20	11	12	13	14	15	16	17
17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27	18	19	20	21	22	23	24
24	25	26	27	28	29	30	28	29	30	31				25	26	27	28	29	30	
31																				

Október							Nóvember							Desember						
sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
						1			1	2	3	4	5					1	2	3
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12	4	5	6	7	8	9	10
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19	11	12	13	14	15	16	17
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26	18	19	20	21	22	23	24
23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30				25	26	27	28	29	30	31
30	31																			

- Grænt og Almennt dreifbýli
- Grænt, Almennt og Lífrænt Höfn/Nes
- Spilliefna vika dreifbýli



Klippid auglýsinguna út til að hafa sorphirðudagatalið hendina

Opinn fundur með Svandísi Svavarsdóttur, matvælaráðherra

10. september kl 16
í Nýheimum,
Litlubró 2 á Höfn.

Öll velkomin!



VINSTRI GRÆN



AUSTURLAND! SJÓN ER AÐ KOMA!



HÖFN Í HORNAFIRÐI
SLYSAVARNARHÚSIÐ

ÞRIÐJUDAGINN

13. SEPT. FRÁ 10:00-18:00

MIDVIKUDAGINN

14. SEPT. FRÁ 10:00-15:00

REYÐARFJÖRÐUR
HÚSI HÁRBANKANS

FIMMTUDAGINN

15. SEPT. FRÁ 10:00-18:00

SJÓN
gleraugnaverslun - Glæsibæ

ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ PANTA TÍMA
STRAX Í SJÓNMAELINGU
Í SÍMA 511-6699 EÐA 899-8801
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

35% AFSLÁTTUR FYRIR ALDRAÐA OG ÖRYRKJA

30% AFSÁTTUR FYRIR ALLT NÁMSFÓLK

2 FYRIR 1 AF GLERAUGUM

SJÓN BARNAGLERAUGU Á 20.000 KRÓNUR

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 1.–4. september



KJÖTBORD

Lambalæri

1.424 kr/kg
1.899 kr/kg

25%



30%

Ferskur ananas

209 kr/kg
299 kr/kg



25%

Mangó

449 kr/kg
599 kr/kg



40%

Helgarsteik, kalkúnalæri með beini

1.979 kr/kg
3.299 kr/kg



30%

Folaldakjöt, reykt, með beini

839 kr/kg
1.199 kr/kg



40%

Grísakótilettur í raspi

1.739 kr/kg
2.899 kr/kg



20%

Nautgripahakk, 500 g

839 kr/pk
1.049 kr/pk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu



netto

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.